

hafa farið á vettvang og athugað smíð stefnanda hjá stefnda og kannað galla þá, sem hér um ræðir. Má sjá það við nána athugun, að þil þetta hefur bognað örlítið út, þar sem klæðaskápur tengist því. Telur rétturinn ekki sannað, að stefnandi beri ábyrgð á þessum smávægilega galla, enda er fram komið í málinu, að eigi var kvartað undan þessu við stefnanda, þegar klæðaskápurinn var settur upp, og ósannað er, með hverjum hætti og hvenær þil þetta svignaði.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Hjalta Geir Kristjánssyni húsgagnaarkitekt og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Sigurðsson, greiði stefnanda, Sturlu Einarssyni, kr. 7.451.00 með 7% ársvöxtum af kr. 6.281.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, en af kr. 7.451.00 frá þeim degi til greiðsludags, gegn því að stefnandi afhendi stefnda framangreint vaskborð í baðherbergi í húsi stefnda að Hjallalandi 18, Reykjavík.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 159/1970. Ólafur Guðmundsson vegna verzlunarinnar
Lundar (Jón Bjarnason hrl.)
 gegn
**Gunnari Kristjánssyni vegna Plastskilta-
 gerðarinnar** (Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1970. Krefst hann þess aðallega, að honum

„verði einungis gert að greiða stefnda kr. 3.000.00 án vaxta“. Til vara krefst áfrýjandi þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 6.500.00 Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi verður aðalkrafa áfrýjanda höfð uppi í Hæstarétti, þar eð ekki er fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, en bæði í greinargerð í héraði og við munnlegan máflutning þar hafði hann eingöngu uppi varakröfu sína hér fyrir dómi.

Málsatvikum er réttilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt reikningi stefnda, dags. 16. október 1969, var ljósaskilti það, sem mál þetta er af risið, að stærð 77x50 sm, og telur stefndi, að á þeim tíma, er hann gerði nýjan hjálm á skiltisgrindina, hafi nýtt skilti kostað milli 10 og 12 þúsund krónur, en samkvæmt ódagsettri yfirlýsingu fyrirtækisins Geislaplasts s/f kostaði nýtt skilti að stærð 78x45 sm kr. 8.600.00 til kr. 10.400.00.

Þegar þetta er virt og litið er til verðmætis nýs skiltis, eru ekki efni til, að áfrýjandi greiði hærri fjárhæð en hann bauð, kr. 6.500.00, fyrir verk stefnda.

Verða úrslit máls þessa því þau, að áfrýjandi er dæmdur til að greiða stefnda kr. 6.500.00.

Stefndi þykir ekki eiga rétt til vaxta af fjárhæð þessari, með því að ómótmælt er, að hún hafi staðið honum til boða, áður en mál var höfðað.

Dæma her stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ólafur Guðmundsson vegna verzlunarinnar Lundar, greiði stefnda, Gunnari Kristjánssyni vegna Plastsiltagerðarinnar, kr. 6.500.00.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dóminum her að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí s.l., hefur Gunnar Kristjánsson, Háaleitisvegi 45, Reykjavík, höfðað f. h. Plastskiltagerðarinnar, Borgartúni 25, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. nóvember 1969, gegn Ólafi Guðmundssyni, Sörlaskjólí 62, einkaeiganda verzlunarinnar Lundar Sundlaugavegi 12, fyrir hönd firmans til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 8.660.80 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera vegna viðgerðar og endurnýjunar á ljósaskilti fyrir stefnda. Sé reikningurinn dagsettur 16. október 1969.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 6.500.00 og jafnframt að stefnanda verði gert að greiða rífligan málskostnað að mati dómarans.

Þeir stefnandi og stefndi hafa báðir komið fyrir dóm til yfirheyrslu. Eftir því sem fram kom við yfirheyrslur og fram er komið í skjölum málsins, virðast málavextir vera þeir, að ljósaskilti fyrir utan verzlunina Lund hafi verið brotið haustið 1969 og hafi það þá verið brotið nokkurn tíma. Stefnandi málsins er skiltagerðarmaður og hafi hann tekið eftir biluninni á skiltinu. Hafi hann gengið á fund eiganda verzlunarinnar og spurt hann, hvort hann ætti ekki að gera við skiltið. Stefndi hafi tekið boði stefnanda og stefnandi hafi síðan tekið skiltið niður og farið með það á verkstæði til viðgerðar. Hvorki ræddu þeir málsaðiljarnir um það, hvernig viðgerðinni skyldi háttáð né hvað hún mundi kosta. Stefndi upplýsti stefnanda um það, að skiltið væri tryggt hjá Vátryggingafélaginu h/f. Þá er stefnandi hafði lokið viðgerðinni, þá hafi hann krafizt Vátryggingafélagið h/f um endurgjald fyrir verkið. Þá hafi stefnandi fengið þær upplýsingar, að skiltið væri ekki tryggt. Stefndi kveðst hafa haldið, að skiltið væri tryggt, þá er stefnandi tók að sér að gera við það. Gaf stefndi þá skýringu á þessum misskilningi sínum, að hann hafi flutt tryggingar sínar og hafi umboðsmaður nýja tryggingafélagsins sagt stefnda, að tryggingafélagið mundi tryggja allt, sem hefði verið tryggt, en hjá hinu fyrra tryggingafélagi hafi skiltið verið tryggt, en komið hafi í ljós, að nýja tryggingafélagið hafi ekki tryggt skiltið.

Þá er stefnandi fékk ekki greiðslu hjá tryggingafélaginu, þá

sneri hann sér til stefnda með kröfu um greiðslu fyrir viðgerðina á skiltinu. Stefnda þótti endurgjald fyrir vinnuna of hátt og bauðst til þess að greiða kr. 6.500.00. Því boði hafnaði stefnandi.

Fyrir dómi kvaðst stefndi ekki hafa gert sér grein fyrir því, hvort hann hafi nokkuð út á verkið að setja, hann sé bara óánægður með endurgjald fyrir verkið.

Í yfirheyrslu í málinu kom fram, að hægt hefði verið að gera við skiltið á mun ódýrari hátt en stefnandi gerði, en þá hefði verið brætt plast í gatið og komið á það ljósi. Þess konar viðgerð sagði stefnandi, að mundi í mesta lagi kosta kr. 3.000.00. Stefndi lýsti vinnu sinni þannig, að hann hafi gert nýjan plasthjálm og hafi hann farið yfir og endurnýjað mest af því, sem inni í skiltinu var, en gamla grindin hafi verið notuð. Stefndi kveðst telja, að nýtt skilti alveg sams konar og skilti það, sem mál þetta er risið af, muni á þessum tíma hafa kostað á milli 10 og 12 þús. krónur. Stefndi sagði, að skiltið, þá er hann tók það til viðgerðar, hafi verið með gati, önnur hliðin hálflaus og hin laus, einnig hafi verið nauðsynlegt að fara yfir innmat skiltisins, þar sem stefndi hafi sagt, að skiltið leiddi út. Fyrir dómi kannaðist stefndi ekki við að hafa sagt, að skiltið leiddi út, en skiltið hafi verið ljóslaust, þar sem pera hafi verið uppbrunnin. Stefndi kveðst ekki hafa getað gert við skiltið á ódýrari hátt, þar sem hann taki tveggja ára ábyrgð á öllum verkum sínum og á ódýrari viðgerðinni hefði hann ekki getað tekið ábyrgð. Ekki afhenti stefnandi þó ábyrgðarskírteini, þá er hann skilaði skiltinu eftir viðgerð, og ekki var talað um ábyrgð, áður en stefndi tók verkið að sér. Stefndi kvaðst hafa látið stefnda vita af ábyrgðinni, þá er hann krafði um greiðslu og stefndi taldi endurgjaldið fyrir verkið of hátt.

Við munnlegan málflutning rökstuddi lögmaður stefnanda kröfur sínar m. a. með því, að þá er stefndi tók verkið að sér, hafi ekkert verið talað um það, hvernig verkið skyldi unnið, og ekki heldur, hvað það mundi kosta. Jafnframt, að stefndi hafi ekkert við framkvæmd verksins að athuga.

Lögmaður stefnda rökstuddi kröfur sínar m. a. með því, að stefndi hafi farið algerlega út fyrir sitt verksvið. Stefndi hafi boðizt til að gera við gamalt skilti, en svo smíðað nýtt skilti utan um gömlu grindina. Tilboð stefnda um greiðslu á kr. 6.500.00 sé í raun og veru allt of hátt.

Við niðurstöðu málsins þykir ábyrgðartal stefnanda ekki skipta máli, þar sem stefndi hefur ekki fengið neitt ábyrgðarskírteini í hendur, og ekkert hefur verið um ábyrgð talað, nema stefndi

segist hafa sagt stefnda af ábyrgðinni, þá er stefnda þótti endurgjald fyrir viðgerðina of hátt.

Eins og rakið hefur verið, þá var hægt að gera við skiltið á mun ódýrari hátt. Sé lýsing stefnanda rétt á ástandi skiltisins, þá er hann tók við því til viðgerðar, þá virðist ekki óeðlilegt, að gert væri við skiltið með dýrari aðferð. Þeir málsaðiljarnir ræddu ekkert um það, hvernig viðgerðinni skyldi háttáð né hve mikið hún mætti kosta. Stefndi hefur ekki gert það líklegt, að reikningur stefnanda sé of hár fyrir þá vinnu, sem hann raunverulega vann. Stefndi hefur heldur ekki gagnrýnt vinnu stefnanda.

Með vísan til þessa, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 39/1922, samanber 2. gr. sömu laga, þá þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.500.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Guðmundsson f. h. verzlunarinnar Lundar, greiði stefnanda, Gunnari Kristjánssyni f. h. Plastskiltagerðarinnar, kr. 8.660.80 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1969 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.